STARFSÁÆTLUN

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN KÚLAN

(KÓRASKÓLA)

2026-2027

KÚLAN

FÉLKÓ
Félagsmiðstöðvar Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar 4

Opnunartímar Kúlunnar. 4

Félagsmiðstöðvadagatal 2026-2027 4

Starfið í vetur 5

Áherslur í starfi 5

Valáfangar 5

Kúlukids 6

Samstarf við skólann 6

Viðburðir í vetur 6

Sameiginlegir viðburðir FÉLKÓ 7

Viðburðir í samstarfi við Kóraskóla 7

Viðburðir Samfés 8

Hópastarf 8

Klúbbastarf 8

Opið starf 9

Sértækt Hópastarf 9

FÉLKÓ miðstöðin 9

Hinsegin FÉLKÓ 9

Velkomin FÉLKÓ 9

Sumaropnun Kúlunnar 10

Unglingaráð 10

Nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla 10

Nemendaráð Hörðuvallaskóla 10

Félkóráð 11

Ungmennaráð Kópavogs 11

Ungmennaráð Samfés 11

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar 12

Samstarf við foreldra 12

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir 12

Neyðaráætlun 12

Móttaka nýrra starfsmanna 12

Öryggisgátlisti 13

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Gátlistar í sértæku hópastarfi 13
Handbók um starfið 13
Rýmingaráætlun 13
Ytra og innra mat 14
Ytra mat 14
Innra mat 14
Umbótaáætlun 15
Símenntunaráætlun 16
Fjöldatölur 17
Starfsfólk Kúlunnar 2026-2027 17

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Kúlan þjónustar börn og unglinga í Kórahverfi í Kópavogi. Kúlan þjónustar 8.-10. bekk í Kóraskóla og 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla. Félagsmiðstöðin sjálf er staðsett á neðri hæð Kóraskóla að Vallarkór 12-14 en við höfum einnig aðgang að litlu rými í Hörðuvallaskóla. Kúlan er með skrifstofu/tómstundarými og hefur svo aðgang að skólanum sjálfum en starfsemin fer að mestu leyti fram á neðri hæðinni. Fjöldi skráðra nemenda í 5.-7. bekk eru 228 og fjöldi skráðra nemenda í 8.-10. bekk eru einnig 228. Kúlan þjónustar því samtals 456 börn og unglinga. Forstöðumaður Kúlunnar er Sindri Ágústsson og aðstoðarforstöðukona er Ólöf Helga Hilmarsdóttir. Sími forstöðumanns er 696-1631 og netfang forstöðumanns er sindrima@kopavogur.is. Síminn í Kúlunni er 441-4417/6186663.


Opnunartímar Kúlunnar.

Mánudagar: 17:00-18:30/19:30-22:00

Miðvikudagar: 9:30 – 18:30/19:30-22:00

Föstudagar 17:00-23:00

Félagsmiðstöðvadagatal 2026-2027



Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

Starfið í vetur

Allir unglingar í 8.-10. bekk í Kóraskóla eru velkomin á opnanir og viðburði í Kúlunni sem og aðrir unglingar sem eiga leið hjá eða vilja kíkja í heimsókn. Það hefur aukist mikið síðustu ár að unglingar eru að kíkja í heimsókn í aðrar félagsmiðstöðvar en sína heimastöð. Nánast allir viðburðir í Kúlunni eru opnir öllum en sumir viðburðir krefjast skráningar líkt og ferðir eða aðrir stærri viðburðir. Miðstigsstarfið í Kúlunni verður alla miðvikudaga á milli 17-18:30 ásamt því að það verða í boði smiðjur á föstudögum fyrir alla í 5.-7.bekk einnig á milli 17 – 18:0 en í þær er fjöldatakmörkun og fer skráning fram á Abler.

Áherslur í starfi

Markmið okkar í Kúlunni er að halda úti faglegu og góðu tómstundastarfi fyrir unglinga í Kórahverfinu**.** Síðustu ár höfum við mikið verið að leggja okkur fram í því að mynda hér góða félagsmiðstöðvamenningu hjá unglinunum og finnst okkur það hægt og rólega vera að takast. 8. Bekkurinn kom sterkur inn núna í haust og teljum við lykilinn að því vera samstarfið við hörðuvallaskóla þegar þau eru í 7. Bekk. Við leggjum mikið upp úr því að byrja að kynnast þeim almennilega þar. 9. bekkurinn heldur sér þokkalega í mætingu í Kúluna en 10. bekkur mætir mög lítið. Þar viljum við reyna að koma sterkari inn og reyna að vinna í því að breyta hugafarinu hjá þeim varðandi það að mæta í Kúluna. Fyrsta skrefið er að halda gott 10. bekkjar kvöld en það er á döfinni hjá okkur á næstunni. Starfsmannahópurinn hjá okkur hefur verið nánast sá sami núna í 4 ár og finnum við hve mikið traust unglingarnir bera til okkar. Mikill vinskapur er farinn að myndast á milli unglinga og starfsmanna og teljum við það endurspeglast í því að mætingin er farinn að vera miklu meiri til dæmis eftir skóla og á opnunum kl 17:00. Einnig sjáum við hve góð áhrif það hefur á ákveðna unglinga að hanga mikið með sterkum fyrirmyndum.

Við erum með hóp í 9.bekk sem sýnir mikla áhættuhegðun og erum við í mikilli vinnu með hann í samstarfi við skólann. Við ætlum okkur að reyna að halda vel utan um þann hóp og koma jafnvel nokkrum úr þeim hóp inn í sértækt hópastarf í samvinnu við skólann.

Valáfangar

Kúlan er með árshátíðarval sem að er kennt nú í fyrsta sinn á bæði haustönn og fram að árshátíð á vorönn. Það eru breytingar sem við vildum prófa að gera á þessu ári ásamt því að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

við höfðum fjöldatakmörkun við 15. Ásamt því er Kúlan með árbókarval á vorönn einnig fyrir 10. bekk.

Kúlukids

Miðstigsstarfið í Kúlunni er kallað Kúlukids og er í boði fyrir krakka í 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla. Á þessu ári verður Kúlukids alla miðvikudaga á milli 17:00 og 18:30. Nýung á þessu ári eru smiðjur á föstudögum fyrir 5.-7. bekk en þá erum við með fyrirfram ákveðna dagskrá. Fjöldatakmörkun er í smiðjurnar og fer það eftir hversu umfangsmikil smiðjan er hve mög pláss eru laus hversu sinni. Einnig höfum við verið að prófa að hafa í boði klúbbastarf fyrir 7.bekk samhliða opnun fyrir unglingana á mánudögum á milli klukkan 17-18:30 og hefur það gengið mjög vel. Þetta gerum við með það að markmiði að kynnast 7.bekknum enn betur og myndum við þau sterkari tengsl að ná að hitta þau vikulega. Við bjóðum uppá fjölbreytta dagskrá og sjáum við að eftirspurnin er mikil í smiðjurnar á föstudögum. Við munum því passa að bjóða upp á sömu smiðjur nokkrum sinnum yfir veturinn svo að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í þeim smiðjum sem eru hvað vinsælastar.

Samstarf við skólann


Starfsmenn Kúlunnar eiga í mjög góðu samstarfi við stjórnendur og kennara í Kóraskóla. Aðstoðarforstöðukona sér um nemendaráðið ásamt aðstoðarskólastjóra sem er sameiginlegt ráð Kúlunnar og Kóraskóla. Mjög virkt samtal er á milli stjórnenda Kúlunnar og Kóraskóla og leitum við mikil til hvors annars ef eitthvað kemur upp. Forstöðumaður Kúlunnar situr nemendaverndarfundi í Kóraskóla aðra hverja viku ásamt stjórnendum, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Aðstoðarforstöðukona situr nemendaverndarfundi í Hörðuvallaskóla vikulega ásamt þeirra stjórnendateymi, skólasálfræðing, forstöðukonu frístundar og námsráðgjafa. Aðstoðarforstöðukona á einnig í virku samtali við deildarstjóra miðstigs í Hörðuvallaskóla varðandi allt sem kemur að miðstigsstarfi.

Viðburðir í vetur

Markmið Kúlunnar í vetur er að reyna að hafa viðburði fjölbreytta og skemmtilega. Mánaðardagskráin er ákveðin af starfsfólki Kúlunnar ásamt nemendum. Dæmi um viðburði sem verða í vetur eru Ískvöld, slímgerð, spilakvöld, fifa mót o pípuhreinsaföndur svo eitthvað

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

sé nefnt. Dagskráin er hengd upp í Kúlunni, uppi í skólanum ásamt því að við deilum henni á Google Classroom, Abler og Instagram ásamt því að við sendum hana í pósti á foreldra. Þetta gerum við í þeirri von að allir hafi aðgengi að því að skoða það sem við erum að bjóða uppá. Hér má sjá dæmi um hvað er að gerast í október í Kúlunni:



Sameiginlegir viðburðir FÉLKÓ

Félagsmiðstöðvar Kópavogs halda marga sameiginlega viðburði saman yfir skólaárið undir nafninu FÉLKÓ. Þar má t.d. nefna íþróttavikuna, skíðaferð, GETKÓ, söngkeppni og böll. Einnig vinna félagsmiðstöðvarnar saman að útileitarstarfi þar sem starfsfólk er á bíl og skannar bæinn og nærliggjandi sveitarfélög og passar að allt sé í góðu lagi.

Viðburðir í samstarfi við Kóraskóla

Á plani eru tveir stórir viðburðir sem Kúlan vinnur í samstarfi við Kóraskóla. Það eru jólaskemmtun í desember og árshátíð í apríl. Einnig er Kúlan í samstarfi við skólann þegar kemur að ýmsum minni viðburðum líkt og þemadögum og vorhátíð.

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11.2026

Viðburðir Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu

Hér má sjá dagskrá Samfés þetta starfsár:



Hópastarf

Klúbbastarf

Við ætlum að reyna að leggja meiri áherslu á að virkja betur klúbbastarf í vetur. Eins og fram hefur komið erum við byrjuð með 7.bekkjar klúbba alltaf á mánudögum og hafa þeir gengið mjög vel. Einnig höfum við lagt fyrir áhugasviðskönnun fyrir 8.-10.bekk en lítið kom út úr þeim vegna dræmrar þátttöku. Við höfum þó það sem af er vetri verið einnig með klúbbastarf fyrir unglingana á mánudögum kl 17-18:30. Þar hefur það verið matar og baksturs klúbbur verið vinsælastir. Við höldum þeim alltaf inni 1-2 í mánuði. Draumurinn í vetur er að ná að virkja klúbbastarf í vetur á kvöldin samhliða hefðbundinni kvöldopnun. Við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

höfum sett föndurklúbb á planið og byrjar hann núna á miðvikudagskvöldum í október. Þessa klúbba ætlum við að reyna að þróa betur í vetur út frá áhugasviði unglingahópsins.

Opið starf

Opið starf felur í sér margskonar frístundastarf sem standa öllum unglingum til boða. Unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir.

Sértækt Hópastarf

Sértækt hópastarf gefur unglingum möguleika á að vinna saman í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd málefni. Sértækt hópastarf er í grunnin hópastarf en þar eru unnið með eitthvað sértækt markmið, líkt og að efla unglingana félagslega og væri þá markhópurinn einna helst félagslega einangraðir unglingar. Við erum nú þegar byrjuð að vinna með nokkra unglinga í 8.bekk sem eru með mikla skólaforðun og erum við í því verkefni í samvinnu við skólann.

FÉLKÓ miðstöðin

FÉLKÓ miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að miðstöðinni. **Starfsemi FÉLKÓ miðstöðvarinnar er í biðstöðu vegna myglu sem kom upp í fyrra í húsnæðinu í sem miðstöðin var staðsett í og ekki er enn búið að finna henni nýtt heimili. Við bíðum spennt eftir nánari upplýsingum varðandi nýtt húsnæði.**

Hinsegin FÉLKÓ

Í kúlunni er mikið lagt upp úr að gera hinseginleikann sýnilegan. Við höfum þó ekki ennþá náð almennilega til þeirra unglinga sem tengja við hinseginnleikann og viljum við mikið reyna að ná meira til þeirra og til dæmis fara með þeim á hinsegin opnanir FÉLKÓ í vetur.

Velkomin FÉLKÓ

Við erum í samvinnu við Kóraskóla með ÍSAT nemendurna hér og í Hörðuvallaskóla. og eigum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

eftir að nýta okkur Velkomin FÉLKÓ með þeim í vetur. Mætingin úr Kúlunni mætti vera betri en við erum í samstarfi við ÍSAT kennarann og námsráðgjafa varðandi ÍSAT nemendur.

Sumaropnun Kúlunnar

Á sumrin eru almennar opnanir í bland við sértækt hópastarf og smiðjur fyrir krakka 10-13 ára. Í maí byrjum við svo að leyfa 7.bekk að koma inn á kvöldopnanir með unglingunum einu sinni í viku til þess að undirbúa sig fyrir haustið og kynnast því hvernig hefðbundið kvöldstarf fer fram í Kúlunni. Í sumar vorum við ásamt Dimmu í Vatnsendaskóla í frysta skipti að bjóða upp á svokallað skapandi FÉLKÓ. En þá voru hjá okkur 11 unglingar sem stóðu að 8 verkefnum og gekk það mjög vel og vonumst við til þess að verkefnið verði enn stærra næsta sumar. Á sama tíma vorum við einnig með hefðbundnar sumarsmiðjur fyrir krakka í 5.-7. bekk sem fór fram á þriðjudögum og fimmtudögum.

Unglingaráð

Nemenda- og unglingaráð er ein af leiðunum sem við notum til þess að vinna með lýðræði í félagsmiðstöðvastarfi. Í okkar starfi erum við að vinna með fimm ráð, nemendaráð innanhús (Kóra- og Hörðuvallaskóli), FÉLKÓ ráðið, ungmennaráð Kópavogs og ungmennaráð Samfés.

Nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla

Hjá okkur er eitt sameiginlegt nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla. Í ár gerðum við þá breytingu á að aðstoðarskólastjóri Kóraskóla sá um kosningar og uppsetningu ráðsins ástamt því að vera með yfirumsjón. Aðstoðarforstöðumaður situr þó alla fundi og er virkur meðlimur í ráðinu. Ráðið kýs sér svo formann og varaformann. Hlutverk nemendaráðins er að vera tengiliðir nemendur við félagsmiðstöð og skólann. Ráðið kemur að skipulagningu starfsins í félagsmiðstöðinni og öllum þema og viðburða dögum sem skólinn er með. Sem dæmi má nefna: bleika daginn, hrekkjavökuna, draugahús Kúlunnar, jólabingó Kóraskóla og árshátíð. Þeir sem sitja í nemendaráði eru fyrirmyndir fyrir aðra nemendur og brot á reglum félagsmiðstöðvarinnar eða skólans geta haft þær afleiðingar að viðkomandi þurfi að víkja úr nemendaráði.

Nemendaráð Hörðuvallaskóla

Hörðuvallaskóli sér alfarið um að skipa og kjósa í nemendaráð. Aðstoðarforstöðumaður Kúlunnar kemur inn á þá fundi sem koma að skipulagi Kúlunnar og einnig þegar líða fer nær árshátíð. Einnig er hann umsjónarmanni ráðsins innan handar þegar það á við.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.11.2026

Félkóráð

Í Félkóráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Þrjú ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu og voru tvö þeirra kjörinn inn á ný afstaðnu Landsmóti en einn situr í ráðinu síðan í fyrra. Annað þeirra sem komst inn núna var kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

Félagsmiðstöðvar Kópavogs leggja áherslu á velferð, félagsfærni og sjálfseflingu ungmenna í samræmi við Menntastefnu Kópavogsbæjar 2021–2030.

Helstu áherslur eru:

- Forvarnir og vellíðan: Að skapa öruggt umhverfi og veita snemmtækan stuðning.
- Félagsfærni og lýðræði: Að efla sjálfstraust, samskipti og áhrif ungmenna á starfsemina.
- Jafnrétti og inngilding: Að tryggja öllum ungmennum tækifæri til þátttöku, meðal annars með sértæku starfi í Félkó.
- Sköpun og þátttaka: Að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf sem byggir á áhuga og hugmyndum ungmenna.
- Samstarf: Að efla samstarf við foreldra, skóla og aðra þjónustuaðila.

Markmiðið er að stuðla að jákvæðum félagslegum tengslum, vellíðan og virkri þátttöku ungmenna í samfélaginu.

Samstarf við foreldra

Stjórnendur Kúlunnar eiga í góðum samskiptum við foreldra. Dagskráin í Kúlunni er send í tölupósti mánaðarlega ásamt stökum póstum sem varða aðra stærri viðburði. Einnig er mjög virkt samtal á milli Kúlunnar og foreldrafélags Kóraskóla og Hörðuvallaskóla. Við höfum ekki enn náð að koma festu á að senda út fréttabréf út mánaðarlega en við stefnum á að halda því við á þessu ári.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni. Neyðaráætlun félagsmiðstöðvanna er að finna hér:
S:\Félagsmiðstöðvar\Öryggismál\Neyðaráætlun - viðbragðsáætlun.docx

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna:
S:\Félagsmiðstöðvar\Móttaka nýrra starfsmanna\ÁBYRGÐ STJÓRNENDA VIÐ MÓTTÖKU NÝRRA STARFSMANNA.docx

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum. Gátlistann er að finna hér: S:\Félagsmiðstöðvar\Öryggismál\Gátlisti-öryggismál.docx

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Gátlisti er varðar hinsegin málefni væri góð nýjung í þennan annars góða gagnabanka. Hér er hægt að sjá hvar hægt er að finna eftirfarandi gátlista. Gátlisti um einelti, ..\..\..\Sértækt hópastarf\Forvarnir gegn einelti\Gátlisti vegna eineltis.docx. Gátlisi er varðar félagslega einangraða, ..\..\..\Sértækt hópastarf\Félagslega einangraðir\Gátlisti_félagslega einangraðir..docx og gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku. ..\..\..\Handbækur og gátlistar\gatlisti_felagsmidstod_móttaka nemenda m annað móður en ísl.pdf. Gátlisti varðandi sértækt hópastarf S:\Félagsmiðstöðvar\Handbækur og gátlistar\Gátlistar\Sértækt hópastarf - gátlisti.docx.

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim sé rýming á þeim tíma sem forstöðumaður eða aðrir starfsmenn Kúlunnar í húsi.

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11.2026

Ytra og innra mat

Ytra mat

Ytra mat Kúlunnar byggir á niðurstöðum þjónustukannana sem lagðar voru fyrir síðastliðið vor. Þjónustukannanir eru lagðar fyrir svo hægt sé að tryggja gæði og þróun starfsins. Könnunin var lögð fyrir unglingana á skólatíma og byggir þetta ytra mat á svörum 184 unglinga sem samþykktu að svara könnuninni. Niðurstöður sýndu að flestir sem mæta í Kúluna eða 63 unglingar eru að mæta að meðaltali 1-3 í viku. Þeir 53 unglingar sem svöruðu að þeir kæmu aldrei í Kúluna sögðu flestir að það væri sökum þess að þeir höfðu ekki tíma til þess. Svör við spurningunni af hverju mætir þú í félagsmiðstöð voru lang flest „til þess að hafa gaman“, „ til þess að hitta vini“ og „það er svo gaman og gott að hitta starfsfólkið“. Flestir af þeim sem svöruðu eða 84 sögðu að þeir mættu mest í félagsmiðstöðina á milli klukkan 19:30-22:00. Spurningin „ hversu sátt/ur eru með eftirfarandi atriði í félagsmiðstöðinni leiddi í ljós að unglingarnir eru sáttastir með starfsfólkið en þar voru 120 unglingar sem sögðu að þau voru Mjög sátt. 82 sögðust vera mjög sátt við félagsmiðstöðina í heild og 75 voru sátt. 81 voru mjög sátt við tæki og búnað og 70 voru sátt. 91 voru sátt með dagskránna 38 hvorki né og 36 mjög sátt. 60,8% finnst skemmtilegast við að vera í félagsmiðstöð það að hitta vinu og 54,35% að fá frían mat. 50,54% finnst frekar mikilvægt að vera með félagsmiðstöð og svörin við spurningunni „hvað finnst þér mikilvægt við félagsmiðstöðvastarf voru mög á þessa leið, „að öllum líði vel“, „að hafa gaman“ og „gott starfsfólk“. Í loka spurningu könnunarinnar gafst unglingum tækifæri á að benda á eitthvað eða hrósa og var mjög skemmtilegt að fara yfir þau svör. Dæmi um þau svör sem virkilega snertu mann voru „Hrós fyrir að vera alltaf til í allt og gera allt skemmtilegt“, „ það er alltaf góð stemmning í Kúlunni sama hver er eða hvað er“ og „hrós fyrir geggjað starfsfólk og flotta kósí félagsmiðstöð sem fólk vill í alvörunni mæta í“ .

Þessar niðurstöður gefa til kynna að starf Kúlunnar er að þróast á rétta leið og í átt að þeim markmiðum sem við viljum stefna að.

Innra mat

Starfsemi Kúlunnar er komin í fastar skorður og er unglingahópurinn farinn að þekkja inn á okkur og veit þar af leiðandi við hverju er að búast. Flestir starfsmenn eru búnir að vinna með unglingahópnum síðan 10. bekkurinn var í 7.bekk svo við erum farinn að þekkja hópinn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

vel. Unglingarnir eiga sér yfirleitt uppáhalds starfsmenn sem þeir sækja mikið til og er gaman að sjá traustið þar á milli alltaf aukast. Síðasta vetur lögðum við mikla áherslu á að eiga gott samstarfs við Hörðuvallaskóla í því að koma 7.bekk inn í starfsemi Kúlunnar svo að þau treysti sér í að byrja 8.bekk af krafti og hafa þau svo sannarlega sýnt það. Við stefnum þó á enn frekari vinnu með 7.bekk og erum við nú þegar farin að vinna í því með því að bjóða 7.bekk alltaf til okkar í klúbbastarf á mánudögum.

Við höfum einnig lagt mikið upp úr því að tryggja betra upplýsingafæði til unglingana og höfum við því lagt minni áherslu á instagram í þeim samskiptum. Við höfum nýtt okkur google classroom sem er mjög hentugt til þess að koma skilaboðum til hópsins á skólatíma þar sem Kóraskóli er nú símalaus. Einnig höfum við nú verið með allrar skráningar í gegnum Abler sem hefur reynst vel.

Okkur hefur alltaf langað að fá fleiri unglinga inn eftir skóla og á milli klukkan 17-og 18:30 og var það farið að aukast mikið í fyrra. Í vetur höfum við þó bætt mikið í dagskrágerðina á þeim tíma og höfum sett upp klúbba sem hafa verið að skila mikilli aukningu á fyrri opnanir og eru yfirleitt öll pláss full í þá klúbba sem við bjóðum uppá á þeim tíma.

Okkar mat á starfinu er að Kúlan er að verða sá griðarstaður sem unglingar vilja sækja og hefur verið okkar markmið síðan stjórnendur tóku við fyrir 4 árum síðan.

Umbótaáætlun

- Senda út fréttabréf mánaðarlega þar sem farið er yfir hvað er búið að gerast í Kúlunni og hvað er á döfinni.
    - Ábyrgðaraðili – Sindri
- Sitja fund með stjórnendum Kóraskóla og fá á hreint hvaða hópa/einstaklinga væri hentugt að vinna með í sértæku hópastarfi
    - Ábyrgðaraðili – Sindri og Ólöf
- Vinna betur með rýmið okkar í Hörðuvallaskóla og gera það huggulegra og líkara okkar rými í Kóraskóla.
    - Ábyrgðaraðili – Ólöf
- Fá unglingana meira inn í dagskrágerðina til þess að reyna að höfða betur til sem flestra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Ábyrgðaraðili - Ólöf

Símenntunaráætlun


Starfsmannafræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og Samfés Con og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Starfsmannafræðslurnar eru skipulagðar af Frístundadeild og verða til skiptis á mánudögum og miðvikudögum í vetur, til að tryggja að sem flestir starfsmenn geti sótt fræðslur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Fjöldatölur

Hér má sjá fjöldatölur fyrir starfsárið 2025-2026.



Starfsfólk Kúlunnar 2026-2027

Sindri Ágústsson – Forstöðumaður

Ólöf Helga Hilmarsdóttir – Aðstoðarforstöðukona

Hrefna Lind Pálmadóttir – 41,6%

Tinna G. Jóhannsdóttir – 41,6%

Ragnheiður María Stefánsdóttir – 41,6%

Ellert Sigurðarson – 41,6%%

Viktor Abdullah Fikrason – 41,6%

Berglind Hrönn Úlfarsdóttir – 32%

Stefán Valþórsson – 23,8%

Agnes Erla Blomsterberg – tímavinna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026